



Fundargerð

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 23.maí kl.16:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi.

Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari. Aðrar stjórnarkonur voru ekki boðaðar á fundinn

- Á dagskrá fundarins var að fara yfir gögn fyrir umdæmisþingið og er allt tilbúið til að setja fundargögn í merktar Innerwheel töskur/poka, sem keyptir voru sérstaklega frá Innerwheel í Bretlandi til að nota fyrir gögn þátttakenda á fundinum.
- Bryndís Brynjólfsdóttir, eigandi verslunarinnar Lindin á Selfossi hefur afhent Sigríði umdæmisstjóra 6 hálsklúta merkta Innerwheel. Þessir klútar voru hannaðir af dönsku listakonunni Inge Toft, og hafði hún gefið Bryndísi þá fyrir nokkrum árum. Stjórn ákvað að skemmtilegast væri að þessir klútar yrði afhentir nýjum umdæmisstjórum um leið og þeir tækju við embætti og verður fyrsti klúturinn afhentur Maríu V. Heiðdal á umdæmisþinginu á morgun.
- Aðeins hefur þátttakendum á þingið fækkað og er það meðal annars vegna þess að tímasetning fundarins rekst á við útskriftir framhaldsskóla og eru margir sem voru búnir að skrá sig á þingið uppteknir vegna þessa.
- Stjórnin, ásamt félögum í Innerwheel Selfoss, mun mæta tímanlega í Tryggvaskála fyrir þingið og gera salinn klárann fyrir fund.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.18:00

Jóhanna Róbertsdóttir